

## Breyting á grunngildum Bandalags íslenskra skáta

Í aðferðalegum grunngildum er skátaaðferðin skilgreind svona:

Að auki byggist Skátaaðferðin á sex lykilþáttum sem tengjast innbyrðis.

### Lykilþættir Skátaaðferðarinnar:

- Skátalögin, skátaheitið og kjörorð skáta.
- Flokkakerfið.
- Táknræn umgjörð.
- Útilíf og umhverfisvernd.
- Leikir og reynslunám.
- Hjálpssemi og samfélagsþátttaka.

Hver einstakur lykilþáttur hefur sjálfstætt uppeldis- og menntunargildi og hver þáttur fyrir sig eykur áhrif hinna. Allir lykilþættirnir þurfa að vinna saman til þess að kerfið virki.

### Hér með er lögð til breyting á þessari skilgreiningu:

Að auki byggist Skátaaðferðin á átta lykilþáttum sem tengjast innbyrðis.

### Lykilþættir Skátaaðferðarinnar:

- Skátalögin, skátaheitið og kjörorð skáta.
- Flokkakerfið.
- Táknræn umgjörð.
- Útilíf og umhverfisvernd.
- Leikir og reynslunám.
- Hjálpssemi og samfélagsþátttaka.
- Framfarir einstaklingsins.
- Stuðningur fullorðinna.

Hver einstakur lykilþáttur hefur sjálfstætt uppeldis- og menntunargildi og hver þáttur fyrir sig eykur áhrif hinna. Allir lykilþættirnir þurfa að vinna saman til þess að kerfið virki.

### Greinargerð:

Lykilþættir skátaaðferðarinnar eins og þeir eru skilgreindir hjá WOSM eru átta. Við höfum unnið með alla þessa átta þætti og er fjallað um þá alla í starfsgrunninum okkar en einungis sex þessara þátta eru nú í grunngildum okkar. Við viljum gæta samræmis og skilgreina alla átta lykilþætti skátaaðferðarinnar í grunngildum okkar.

Reykjavík, 9. mars 2018

Björk Norðdahl, formaður fræðsluráðs  
Berglind Lilja Björnsdóttir, formaður ungmennaráðs